



<b>Kennarar:</b>	<b>Birna Sigurkarlsdóttir og Eyrún B. Magnúsdóttir</b>	<b>Sk.st</b>	<b>BS/EBM</b>
------------------	--	--------------	---------------

## Áfangalýsing:

Félagsfræðiáfangi sem byggir á fyrri námi nemenda í grunnskóla og einnig nýtist FÉLA1SA05 í FSu. Lögð er áhersla á að kynna nemendum félagsfræði og önnur félagsvísindi sem fræðigreinar. Meginmarkmið áfangans er að nemendur átti sig á því hvernig samfélagið hefur áhrif á þá og hvernig þeir geta haft áhrif á samfélagið. Lögð er áhersla á að nemendur skilji umhverfi sitt og verði færir um að taka virkan þátt í samfélagslegri umræðu og mynda sér skoðun á meðvitaðan og gagnrýninn hátt.

**Undanfari:** Enginn

## Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Viðfangsefnum og hugtökum félagsfræðinnar sem tengjast námsefninu, t.d. kenningum og félagsfræðilegu sjónarhorni.
- helstu aðferðum félagsfræðinnar við rannsóknir.
- tengdum greinum eins og mannfræði, sálfræði, sagnfræði, þjóðfélagsfræði og stjórn málafræði.
- þeim félagslegu stofnunum sem hafa áhrif á líf hans, til dæmis: fjölskyldan, trúarbrögð, efnahagskerfið, stjórnkerfi, fjölmiðlar og samfélagsmiðlar.
- hvernig hann getur haft áhrif á félagslegar stofnanir.
- hvað félagsmótun er og dæmi um hvernig hún virkar.
- réttindum og skyldum hans gagnvart samfélaginu.
- hugtakinu félagsleg sjálfbærni.

## Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Beita algengustu hugtökum félagsvísinda á skýran og skilmerkilegan hátt.
- afla fjölbreyttra gagna.
- vina með gögn og skila frá sér á skýrslum og verkefnum á vel uppsettu formi, t.d. í Word.
- vinna sjálfstætt og gagnrýnið með efni áfangans.
- lesa og skilja umfjöllun um félagsfræðileg málefni.
- nýta samfélagsmiðla á ábyrgan hátt.
- geta beitt öguðum vinnubrögðum, tekið ábyrgð á eigin námi og unnið í samvinnu við aðra.
- geta tjá sig í ræðu og riti um samfélagsleg málefni.

## Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- geta tekið þátt í umræðum um samfélagsleg málefni og myndað sér skoðanir sem byggjast á gagnrýnni hugsun.
- afla sér upplýsinga, greina helstu atriði þeirra og hagnýta sér þær.
- nota „Netið“ til að afla sér þekkingar um félagsfræðileg viðfangsefni.
- tjá sig skipulega og gagnrýnið um samfélagsleg álitamál.
- geta sett sig í spor annarra.
- beita félagsfræðilegri sýn á samfélagið.
- vinna verkefni í Word og skila af sér með rétt uppsettum hætti, þ.e. með blaðsíðutali, efnisyfirliti og heimildaskrá.

**Námsefni:** Félagsfræði 1, Einstaklingur og samfélag eftir Garðar Gíslason. 2010



## FÉLA2AF05

### Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika nr.	Dagsetning	Námsefni - viðfangsefni	Próf og verkefni
34	20. – 21. ágúst	Kynning á áfanganum – skipulag.	Hvað er félagsfræði? 6%
35	24. – 30. ágúst	Félagsfræði og skyldar greinar Vinnulag.	Verkefni 7 %
36 - 37	31. ág – 13. sept	Aðferðafræði, skoðanakönnun.	Skoðanakönnun. 12%
38 - 39	14. – 27. sept	Einstaklingur og samfélag Samfélagsmiðlar	Myndbandsverkefni. 10%
40	28. sept – 4. okt	Samfélagsmiðlar	Verkefni 5%
41 - 42	5. – 18. okt	Menning og trú. Mismunandi trúarbrögð og tenging við gerð samfélaga.	Verkefni 5%
43	19. – 25. okt	Gagnapróf. 15%	Gagnapróf. 15%
44	26. okt – 1. nóv	Fjölskyldan og sambúðarform.	Verkefni. 5%
45	2. – 8. nóv	Hóppróf	10%
46 - 48	9. – 29. nóv	Lokaverkefni - kynning	Verkefni 25%
49	30. nóv – 4. des	Upprifjun á efni.	Verkefnavinna

### Sérreglur áfangans:

Gerð er krafa um 90% skilaskyldu verkefna. Þeir sem skila ekki 90% fá aldrei meira en 4 í einkunn.

Mætingarskylda er í samræmi við reglur skólans.

Farsímar eru leyfðir án hljóðs og leikja, eingöngu til náms, í samráði við kennara.

### Fyrirkomulag námsmats:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Vinnustofur og verkefni	Átta einstaklings/hópverkefni (ef færi gefst).	75%
Próf	Gagnapróf og hóppróf (mögulega heimapróf).	25%

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**

Birna Sigurkarlsdóttir: [birna@fsu.is](mailto:birna@fsu.is)

Eyrún B. Magnúsdóttir: [eyrun@fsu.is](mailto:eyrun@fsu.is)